



---

**Varðandi:** Styrkir til greiðslu fasteignaskatts v/aðila með starfsemi í menningar-, íþrótt-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðarmálum.

**Málsnúmer:** 1909203

**Dagsetning:** 25. september 2019

---

#### **TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að veita styrk í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 til eftirtalda félaga:

- Akur frímúrarastúka samtals kr. 779.752
- Oddfellow samtals kr. 614.507
- Skátafélag Akraness samtals kr. 354.158
- Rauði Krossinn samtals kr. 157.171
- Hestamannafélagið Dreyri samtals kr. 278.593

Heildarfjárhæðinni, samtals kr. 2.184.180 verður ráðstafað af liðnum 20830-5946, önnur framlög en þau félög sem eiga rétt á úthlutun fá styrk sem nemur 78% af fasteignaskatti C.

---

#### **GREINARGERÐ:**

Í byrjun ágúst var opnað fyrir umsóknir til styrkja á fasteignaskatti aðila með starfsemi á sviði menningar-, íþrótt-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðamála og eru rekin í almannabágu eða æskulýðs. Umsóknarfrestur var til og með 8. september sl. Alls bárust 5 umsóknir. Til þess að fá úthlutað styrk þarf aðili að uppfylla skilyrði a.-f. liðar 2. gr. reglna Akraneskaupstaðar sem og 3. gr. Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að 78% af fasteignaskatti C. Fasteignaskattur A og lóðaleiga er óskert.


#### **Þau félög sem eiga rétt á úthlutun**

Akur frímúrarastúka, Oddfellow, Skátafélag Akraness, Rauði Krossinn og Hestamannafélagið Dreyri uppfylla öll skilyrði sem reglurnar kveða á um. Þau eru fasteignaeigendur á Akranesi,



reka starfsemi sína í húsnæðinu, eru öll á sviði menningar, íþróttar, æskulýðs- og tólmundastarfsemi og mannúðarstarfa og hafa það að meginstefnu að starfsemin sé unnin í sjálfbæravinnu. Félögin njóta ekki rekstrarstyrkja frá Akraneskaupstað eða ígildi þeirra og ná tekjur af húsnæði ekki upp fyrir gjöld húsnæðis.

Með vísan til framanritaðs gerir sviðsstjóri ofangreinda tillögu.



---

Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs